

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

10. tbl. • 10. árg. Október 2004

Matartíminn 2004

Matartíminn – Kaupstefna 2004, kynning á framleiðslu félagsmanna Samtaka iðnaðarins í matvælaíðnaði, var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 22. september síðastliðinn. Á kaupstefnunni kynntu 25 fyrirtæki í matvælaframleiðslu nýjungar og hefðbundnar lausnir í vöru og þjónustu fyrir stórnotendur.

Ýmsar nýjungar komu fram á sýningunni. Þar á meðal má nefna nýja línu rétta fyrir skólamötuneyti frá Sláturfélagi Suðurlands en SS hefur nýlega gert samninga við fjóra skóla í Hafnarfirði um að sjá þeim

fyrir tilbúnum mat. Móðir náttúra, sem er nýtt fyrirtæki, kynnti úrval grænmetisréttanna og Mjólkursamsalan í Reykjavík kynnti tvær nýjar vörulínur, skyrdrykki og íste, svo að fátt eitt sé nefnt. Þá kynnti Rannsóknþjónustan Sýni námskeið fyrir starfsfólk mötuneyta og fyrirtækja en það fjallar um breyttar matarvenjur í tengslum við hollustu og heilbrigði, orkuþörf og næringargildi matvæla, samsetningu matseðla fyrir mötuneyti, spennandi eldamennsku og fleira.

Kynningarefni átaksins, „Veljum íslenskt og allir vinna,“ setti skemmtilegan svip á yfirbragð sýningarinnar og framsetning

sýnenda var öll hin fagmannlegasta. Sú nýbreytni var tekin upp í ár að merkja alla gesti og sýnendur með nafni sínu og fyrirtækis síns til að auka tengsl milli manna. Þetta mæltist mjög vel fyrir meðal sýnenda og var ekki annað að heyra en allir væru ánægðir með árangurinn. Aðsókn var jöfn og góð allan daginn. Í lok sýningarinnar gafst þátttakendum kostur á að koma saman og ræða árangur dagsins sín á milli.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Svipmyndir frá Matartímanum



Er iðnaðurinn á förum?

Þegar hagtölur og hagsaga eru skoðuð fer ekki milli mála að íslenska hagkerfið hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum tíu árum. Hagvöxtur hefur aukist og á rætur að rekja til fjölbreyttari atvinnustarfsemi. Ástæðurnar fyrir þessari umbyltingu eru margþættar en tengjast fyrst og fremst hinu breytta starfsumhverfi fyrirtækja sem hefur fylgt EES-samningnum.

Undanfarin ár hefur ríkt meiri stöðugleiki hér á landi en áður og stöðugleiki er það sem iðnaðurinn þarf til að geta þrífist.

Ný stórfyrirtæki

Í iðnaði hafa áhrifin komið fram í velgengni stórfyrirtækja á borð við Actavis, Össur, Marel og Íslenska erfðagreiningu, á sviði lyfja, lækningatækja, tölvustýrðra framleiðslutækja, líftækni og upplýsingatækni. Hátæknigreinar iðnaðar hafa verið í mikilli sókn og hlutdeild þeirra í framlagi iðnaðar til verðmætasköpunar hefur aukist á 10 árum úr um 3% í 16%. Stærsta

stökkið í verðmætasköpuninni er í upplýsingatækni iðnaði sem og í lyfja- og lækningatækjaframleiðslu þar sem hlutdeildin jókst úr 0,6% í 3,4%. Það er gleðilegt að Íslendingar beisla í auknum mæli tækniframfarir og skapa með þeim ný verðmæti. Reyndar er ekki í önnur hús að venda því að ekki mun störfum fjölga í hefðbundnum greinum landbúnaðar og sjávarútvegs. Í stað þess að ausa af brunni náttúruauðlinda er verðmætasköpunin í hátæknifyrirtækjum fyrst og fremst sótt í hugvit og þekkingu, auðlind sem stækkar þeim mun meir sem af er tekið.



Þessi þróun er einnig jákvæð vegna fjölda vel launaðra starfa sem verða til í slíkri starfsemi. Þá hefur þjónustustarfsemi ýmiss konar einnig verið í mikilli sókn. Íslenska hagkerfið er nú orðið mun áþekktara því sem þekktist í nágrennalöndum okkar í Evrópu en áður var.

Er iðnaðurinn á förum?

Stjórn Samtaka iðnaðarins var nýlega á ferð í Lettlandi og þar hafa allmargir Íslendingar haslað sér völlu með myndarlegum hætti. Um svipað leyti varpaði Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, fram þeirri spurningu hvort íslenskur iðnaður væri á leið úr landi. „Þetta er góð spurning,“ segja menn gjarna þegar þeir eru spurðir einhvers sem þeir geta ekki svarað. Hitt er víst að við búum nú við algert frelsi á innri markaði ESB. Við erum í opinni og óheftri samkeppni við 25 Evrópuríki um fjármagn, framleiðslu og vinnuafli. Ef eitthvað hallar á í starfsskilyrðum milli landa flyst framleiðslan óhindarað yfir landamærin. Ungu fólkið okkar hikar heldur ekki við að flytjast á milli landa ef betri lífskjör bjóðast annars staðar en hér heima.

Erlendur gjaldeyrir á útsölu

Nýtt hágengisástand frá miðju ári 2002

hefur strax haft þau áhrif að hægja á útflutningi á iðnaðarvörum. Hin hliðin á sama peningi er að framleiðsla flyst úr landi. Af einhverjum ástæðum þykir það fréttnæmara þegar fyrirtækin flytja með framleiðslu sína úr landi en þegar innfluttar vörur flæða inn í landið eða íslensk fyrirtæki missa markaðshlutdeild erlendis.

Miklar launahækkanir

Það er ekki eingöngu vegna hárra vaxta og gengis sem framleiðsla flyst úr landi. Aðallega er um að ræða vinnuafsfreka framleiðslu sem krefst ekki mikillar menntunar. Þetta þarf engan að undra í ljósi þess að árin 1995 til 2003 jókst 30% kaupmáttur á Íslandi á almennum markaði um 30% og jafnvel enn meira hjá opinberum starfsmönnum og bankastarfsmönnum. Þetta er margföld kaupmáttaraukning miðað við önnur lönd. Til samanburðar jókst kaupmáttur um 8% á OECD svæðinu í heild.

Hágengi krónunnar ryður framleiðslu úr landi

Við þessar aðstæður er eðlilegt að framleiðsla flytjist til svæða þar sem laun eru lægri. Hins vegar er hætt við að tímabundið hágengi krónunnar ryðji úr landi ýmiss konar framleiðslu og starfsemi sem ætti að geta þrífist hér. Sú framleiðsla kemur ekki til baka þegar gengi íslensku krónunnar lækkar á ný eftir að núverandi þensluskeiði lýkur.

Eina svarið, sem við höfum við þessu, er að mennta unga fólkið okkar sem best og auka framleiðni fyrirtækjanna með aukinni tæknivæðingu. Reynslan sýnir að það eru hátæknifyrirtækin sem helst þola sæmilega þetta háa gengi íslensku krónunnar. En þó að þau þoli hátt gengi krónunnar betur en önnur má ekki gleyma því að þau eru flest með starfsemi í öðrum löndum og geta auðveldlega fært sig um set. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri hættu. Þessi fyrirtæki megum við síst af öllu missa úr landi.

Vilmundur Jónsson
formaður Samtaka iðnaðarins



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
10. tbl. Október 2004
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 19.10.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastþökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, Kristján Maack

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Námskeið í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana

Í vetur bjóða Samtök iðnaðarins námskeið í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana við tímabundnar verklegar framkvæmdir í samvinnu við marga af helstu opinberu verkkaupum landsins.

Árið 1997 tóku gildi hér á landi reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Reglur þessar voru settar með hliðsjón af tilskipun sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu og á síðustu misserum hefur Vinnueftirlitið gengið eftir að þeim sé framfylgt. Markmið þeirra er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á þessum stöðum. Sérstaklega er fjallað um ábyrgð og skyldur þar sem fleiri en einn verktaki eru að störfum. Skilgreint er hlutverk verkkaupa, verkfnisstjóra, atvinnurekenda, verktaka og samræmingaraðila öryggis og heilbrigðisráðstafana bæði á undirbúnings- og framkvæmdastigi verks.

Aðalverktakanum falið hlutverk samræmingaraðilans

Áður nefndir verkkaupar hafa ákveðið að nýta sér ákvæði 4. málsgreinar í tilvitnun-



inni hér að framan með því að fela aðalverktakanum að gegna skyldum samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdastigi. Þeir hafa skilgreint nánar ábyrgð verkkaupa, stjórnenda, verktaka, eftirlitsaðila og starfsmanna út frá þessum forsendum sem og námskeiðin sem haldin verða í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana.

Vinnueftirlitið hefur yfirfarið skilgreininguna og námsgögnin án athugasemda en vekur athygli á að sú skilgreining dragi ekki úr ábyrgð verkkaupa varðandi hlutverk og skyldur samræmingaraðila á undirbúningsstigi.

Hverjum eru námskeiðin ætluð?

Námskeiðið er ætlað hönnuðum, byggingarstjórnnum, verkstjórnnum, verkefnis-

stjórum, eftirlitsmönnum verkkaupa, starfsmönnum Vinnueftirlitsins, öryggis- trúnaðarmönnum, öryggisvörðum og öðrum sem koma að gerð, eftirliti, framkvæmd og eftirfylgni slíkra áætlana. Hvert námskeið tekur fimm tíma og hefst með kynningu á ábyrgð aðila ásamt lögum og reglum sem námskeiðið byggist á. Síðan verður farið í verkefnavinnu þar sem hver þátttakandi útbýr eigin öryggis- og heilbrigðisáætlun byggða á raunverulegum forsendum. Að námskeiðinu loknu munu þátttakendur eiga drög að verklagsreglu og öryggis- og heilbrigðisáætlun á tölvutæku formi sem þeir geta notað og uppfært á sambærileg verkefni. Þar sem verkefni verða unnin á tölvu fer námskeiðið fram í tölvuveri og fjöldi þátttakenda hverju sinni takmarkast við það.

Skráning hafin

Námskeiðið kostar 19.400 kr. en námsgögn og veitingar eru innifalín í verðinu. Félagsmenn SI fá 30% afslátt.

Skráning er hafin á fyrsta námskeiðið sem haldið verður fimmtudaginn 26. október kl. 8.00 að Hallveigarstíg 1. Skráning fer fram í síma 591-0100 eða með tölvupósti til ferdinand@si.is

Önnur námskeið á árinu 2004 verða: 4. og 18. nóvember og 2. desember.

Ferdinand Hansen

Forsendur námskeiðsins

Í II. kafla 3.gr. í reglum, sem fjallar um skyldur aðila, stendur:

„Skipun samræmingaraðila – Öryggis- og heilbrigðisáætlun – Tilkynning.

1. Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana, eins og skilgreint er í g- og h-lið 2. gr., til starfa á byggingarvæði þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki eru að störfum.
2. Verkkaupa ber, áður en byggingarsvæði er skipulagt, að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við b-lið 5.,gr., ef:
 - a. tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar starfa samtímis á sama byggingarvinnustað og starfsmenn eru fleiri en 10.
 - b. vinna er hættuleg, samanber II. viðauka.
3. Verkkaupi eða aðili, sem hann hefur falið umsjón byggingaframkvæmda t.d verktaki eða verkefnisstjóri, skal senda tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst sem er í samræmi við III. viðauka ef:
 - a. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis, eða um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinnan sé meira en 500 dagsverk.
 - Tilkynningin skal sett upp á áberandi stað á byggingarsvæðinu
4. Verkkaupi getur falið verkefnisstjóra eða verktaka að gegna skyldum þeim sem um getur í 3. gr. 1., 2. og 3. mgr. Slíkt samkomulag skal gert skriflegt áður en framkvæmdir hefjast.“



Nýir félagsmenn

*Fang ehf.
Grundartanga
301 Akranes
Þjónustufyrirtæki*

*Klafi ehf.
Grundartanga
301 Akranes
Þjónustufyrirtæki*

Fjölblendir ehf. þróa nýtt og sparneytið eldsneytiskerfi

Sprotafyrirtækið Fjölblendir ehf. hefur verið að þróa nýtt eldsneytiskerfi fyrir bensínvélur nokkur undanfarin ár. Kostir hins nýja kerfis felast einkum í því að það sparar umtalsvert eldsneyti, dregur mikið úr útblástursmengun og getur óbreytt notað fleiri en eina eldsneytistegund, t.d. alkóhól, steinolíu og gas. Nú er svo komið að fyrirtækið er komið í samstarf við japanskt fyrirtæki New Device sem tekur að sér að framleiða og markaðssetja eldsneytiskerfið. Til þessa hefur Fjölblendir búið við mikil þrengslí á tveimur stöðum í Hafnarfirði en sameinaði starfseminu nýlega á einn stað í hentugu húsnæði að Lónsbraut 2 í Hafnarfirði.

Upphaf eldsneytiskerfisins má rekja til ársins 1991 þegar Kristján B. Ómarsson fór að þróa hugmynd sína að nýju og betra eldsneytiskerfi en áður hafði þekkt. Kristján er með vélstjórmenntun frá Vélaskóla Íslands en er fæddur og uppalinn í Flóanum og hefur sýslað við hvers kyns vélur alla tíð. Hann segist hafa fengið hugmyndina einfaldlega af því að hann var oft í vandræðum með blöndungana á mótörhjólinu sínu. „Þar að auki höfðu blöndungar nær ekkert þróast í tugi ára, eiginlega ekki frá árinu 1937. Þá eru í raun komnar á markað allar meiriháttar uppgötvanir í vélum og eldsneytiskerfum og síðan hafa ekki orðið neinar breytingar sem skipta máli. Helstu breytingarnar hafa orðið í tölvutækni sem gerir kleift að hanna og smíða alla hluti nákvæmari og gæði smíðafna hafa batnað mikið,“ segir Kristján. „Við hönnun á nýjum hlutum verður að hugsa málið alveg frá grunni, ýta skólabókunum stundum til hliðar og sigla á ný mið.“

Hugmynd verður að fyrirtæki

Kristján var að huga að stofnun fyrirtækis í kringum hugmynd sína þegar leiðir hans og Hauks Alfreðssonar, rekstrarverfræðings, lágu saman. Þá starfaði Haukur sem rekstrarráðgjafi með Nýsi hf. en hafði áður starfað m.a. hjá Iðntæknistofnun sem var með þjónustu við uppfinningamenn. „Kristján kom að máli við mig og síðan höfum við unnið að þessu. Kristján bæði gjörbyltir gömlum hugmyndum og



Kristján B. Ómarsson og Haukur Alfreðsson

kryddar sínar með þekktri tækni og býr yfir mjög breiðri þekkingu,“ segir Haukur. Síðan leiddi eitt af öðru og þeir félagar stofnuðu fyrirtækið Fjölblendir ehf. árið 1996 ásamt Ómari Breiðfjörð föður Kristjáns. Fljótlega var tekin sú stefna að leggja áherslu á svo kallaðan smávélamarkað. Þær vélar eru allt frá 25cc og upp í rúmlega 500cc og eru aðallega notaðar við ýmiss konar verkfæri eins og sláttuvélar, sláttuor, rafala og keðjusagir. Þær eru líka notaðar við ýmis lítill farartæki eins og bifhjól, fjórhjól, snjósleða og utanborðsvélar. Um það bil 80 milljónir véla eru framleiddar árlega í þessum stærðarflokki þannig að möguleikarnir eru miklir. Þessi markaður þótti áhugaverðari en bílamarkaðurinn til að byrja með enda felast þar mikil tækifæri vegna innleiðingar strangra krafna um að draga úr mengun.

Samið við japanskt fyrirtæki um markaðssetningu og framleiðslu

Aðalverkefni Fjölblendis er að þróa eldsneytiskerfi fyrir bensínvélur en Haukur segir að einnig sé verið að þróa blöndung fyrir díselvélar til að keyra þær á gasi en það sé eins konar hliðarverkefni. „Um síðustu áramót gerðum við samstarfsamning við japanskt fyrirtæki sem heitir New Device sem sér um markaðssetningu og framleiðslu á eldsneytiskerfinu fyrir okkur en við sjáum um vörubrúningina í samstarfi við vélaframleiðendur sem við vinnum með á hverjum tíma. Núna erum við með tvo vöruflokka en undirbúningur er hafinn að því að þróa aðra vöruflokka,“ segir Haukur. Það verkefni snýst um að þróa svokallaða beina innspýtingu aðallega

fyrir bíla en einnig til þess að geta boðið fleiri lausnir fyrir smávélar.

Betri nýting eldsneytis - minni mengun og færri íhlutir

Kostir hins nýja kerfis sem kallað er TCT eða "Total Combustion Technology" eru einkum betri nýting eldsneytis sem getur leitt til 15–25% sparnaðar á eldsneyti allt eftir vélartegundum og notkunarviði. Þá dregur kerfið verulega úr mengun sem veldur flestum smávélaframleiðendum vandræðum. „Við náum mengunni töluvert niður fyrir þær kröfur sem nú er verið að taka upp í nær öllum löndum.“ Vélar með TCT eldsneytiskerfi geta óbreyttar einnig notað gas sem eldsneyti sem er mjög mikill kostur á mörgum mörkuðum þar sem gas er hagkvæmari kostur en bensín. Við bruna á gasi er mengunin mun minni en við bensínbruna. „Síðast en ekki síst hefur nýja eldsneytiskerfið færri íhluti en eldri kerfi sem við erum að keppa við, þ.e. hefðbundnir blöndungar. Þar af leiðandi verður framleiðslukostnaður talsvert lægri en keppinautanna og við teljum okkur því vera í góðum málum bæði hvað varðar verð og gæði. Færri íhlutir þýðir einfaldara kerfi, áreiðanlegra kerfi sem er tiltölulega einfalt að laga að hverri vélartegund en það gerum við með m.a. hjálp tölvutækni,“ segir Haukur.

Ótrúleg heppni að komast í samband við Japanina

Þeir Haukur og Kristján segja að það hafi verið ótrúleg heppni að komast í samband við japanska fyrirtækið New Device. „Þar er enginn smáax um borð,“ segir Haukur, „því að hann var einn af framkvæmdastjórum Honda. Við fórum á sýningu smávéla í Japan árið 2002 og þar kom íslenska sendiráðið okkur í samband við aðila sem er tengdur Honda. Að sýningunni lokinni heimsóttum við Honda og hittum þá einn af framkvæmdastjórunum, Katsuro Suzuki, og sýndum honum það sem við vorum að fást við. Þegar hann hætti hjá Honda sumarið 2003 þróuðust mál þannig að hann stofnaði fyrirtækið New Device ásamt syni sínum og þeir yfirtóku þann samning sem við höfðum þá gert við annan aðila. Þar með fáum við miklu meiri tíma til að sinna þróunarmálunum og gerum ráð fyrir að sá



Gasmixari

tími, sem við höfum tapað á undanföllum árum, vinnist upp með samstarfinu við þá feðga. Við teljum okkur geta farið hraðar inn á markaðinn en annars hefði orðið.

Auk markaðssetningar mun New Device sjá um að fjöldaframleiða kerfið og setja það saman en lætur undirverktaka víða um heim væntanlega framleiða ýmsa íhluti. „Hver veit nema við getum framleitt einhverja íhluti síðar. TCT eldsneytiskerfið verður boðið tilbúið og með sölu á framleiðsluleyfum. Við verðum því með góð sambönd víða um heim bæði tengd framleiðslu og markaði. Katsuro Suzuki hefur unnið á þessum markaði í tugi ára og gjörþekkir smávélamarkaðinn enda er Honda eitt stærsta fyrirtækið á þessu sviði og framleiðir allt frá smávélum upp í flugvélar,” segir Kristján.

Samstarf við svissneskt fyrirtæki ber ávöxt

Þá er rétt að geta þess að undanfarin tvö ár hefur Fjölblendir verið í þróunarsamstarfi við svissneska fyrirtækið Hugli Tech um þróun gaseldsneytiskerfa fyrir dieselvélar. Nú er það samstarfsverkefni að bera ávöxt þar sem Fjölblendir er nú að ljúka framleiðslu á fyrstu pöntun slíks kerfis fyrir Huegli Tech. Kerfin eru framleidd hér á landi og ljóst þykir að sölumöguleikar séu miklir þar sem gas er nú allt að 40% ódýrara en bensín og diesleolía og veldur þar að auki mun minni mengun en þær tegundir.

Fjármögnun sprotafyrirtækja erfiðasti hjallinn

En hvernig hefur þeim félögum gengið að fjármagna fyrirtækið? „Við höfum fengið langmest fjármagn í formi hlutfjár frá fjölmörgum einstaklingum og smástyrki gegnum iðnaðarráðuneytið, umhverfisráðuneytið og Iðntæknistofnun. Auk þess höfum við fengið áhættulán hjá Nýsköpunarsjóði en því hefur nú verið breytt í hlutfé,” segir Haukur. Kristján segir fyrirtækið eingöngu hafa verið rekið á áður nefndu fjármagni en á þessu ári hafi byrjað að koma inn tekjur. „Samningurinn við New Device í Japan felur í sér að þeir kosta að hluta alla þróunarvinnu og aðlögun TCT fyrir einstaka vélaframleiðendur. Þessar tekjur eru góð framlegð og brúa bilið að

hluta þar til að Fjölblendir fær tekjur af sölu á TCT eldsneytiskerfum. Sala á gasblöndungum er hafin og tekjur af þeim koma að góðu gagni,” segir Kristján.

Haukur segir að yfirleitt sé fjármögnun sprotafyrirtækja mjög erfið. „Mesta orkan hjá okkur fer í að afla fjár og það dregur mikinn kraft úr okkur. Við hefðum getað unnið þetta miklu hraðar og værum komnir miklu lengra ef við hefðum haft úr nægilegu fjármagni að spila. Auðvitað hefði þetta þá kostað meira en ég held að það hefðu ekki margir leikið eftir að komast svona langt með þá þróunarvinnu sem hér hefur verið unnin með það fé sem við höfum haft til umráða og ég tel að ekkert erlent fyrirtæki hefði getað gert það. Það er í raun kraftaverk að komast svona langt á þessu fjármagni,” segir Haukur.

Vöruþróunarsetur hér á landi

„Þegar fram líða stundir og búið verður að semja við vélaframleiðendur um kaup á TCT eldsneytiskerfum verður mikil vinna við að þróa tæknina áfram, smíða frum-

gerðir og prófa fyrir mikinn fjölda vélartegunda og notkunarvið. Dæmi um slíka þróun er t.d. TCT eldsneytiskerfi með tölvustýringu. Stefna okkar er að byggja upp vöruþróunarsetur hér á landi í samstarfi við New Device en fjöldaframleiðsla fari fram erlendis,” segir Haukur. „Blöndungar fyrir díselvélar verða þó framleiddir hér heima, a.m.k. stór hluti þeirra. Allar frumprófanir á TCT eldsneytiskerfinu fara fram hjá okkur skv. viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum. Við mælum aðallega mengun og eldsneytiseyðslu og berum saman við þau kerfi sem fyrir eru á vélunum. Með stöðugri vöruþróun og mælingum reynum við að ná sífellt betri árangri enda snýst allt um að minnka mengunina, draga úr notkun eldsneytis, lækka kostnað og ná forskoti á keppinautana,” segir Haukur Alfreðsson.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Doktor Inga Þórsdóttir fékk Fjöreggið 2004

Á ráðstefnu Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, sem haldin var 15. október, hlaut Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði, Fjöregg MNÍ 2004.



öflugur vísindamaður. Hún hefði unnið mikið uppbyggingarstarf á Rannsóknastofu í næringarfræði og kennslu við Háskóla Íslands frá því að hún kom þar til starfa. Hún væri brautaryðjandi á sínu sviði og þegar hefðu tveir doktorar útskrifast undir

hennar handleiðslu og þrjú væru í doktorsnámi. Einnig hefði hún brautskráð ellefu manns með mastersgráðu og þrjú væru í mastersnámi.

Sjá nánar á vefsetri SI www.si.is

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins sem sat í dómnefnd, afhenti Ingu Fjöreggið. Í ávarpi sínu við það tækifæri sagði hann m.a. að Inga væri mjög

Verkefni um samræmda skráningu þekkingarverðmæta

Nýlega var haldinn stöðufundur í verkefninu „Putting Intellectual Capital into Practical Implementation“ en markmið verkefnisins er að samhæfa skráningu ófnislegra eigna fyrirtækja.

Samkvæmd módeli, sem notað er í verkefninu, eru slíkar eignir flokkaðar sem: mannaúður, skipulagsauður og viðskiptaauður. Upplýsingarnar eru settar fram í svokallaðri þekkingarskýrslu þar sem frásögn af ófnislegum eignum er studd mælanlegum vísbendingum.

Samtök iðnaðarins eru í forsvari fyrir verkefninu og samstarfsaðilar eru samtök

UT-fyrirtækja á öllum Norðurlöndunum. Aðildarfyrirtæki samtakanna á sviði upplýsingatækni taka þátt í verkefninu og munu gera sínar eigin þekkingarskýrslur sem byggjast á þeim samræmdu vísbendingum sem unnið er að í verkefninu.

Fyrirtækin eru skilgreind sem fyrstu og annarar kynslóðar sem þýðir að þátttaka þeirra og framlag til verkefnisins er mismunandi. Fyrirtæki af fyrstu kynslóð eru



tíu talsins og tóku þátt í verkefninu frá upphafi í febrúar á þessu ári. Þessi fyrirtæki munu gera þrjár þekkingarskýrslur á líftíma verkefnisins.

Í annari kynslóð fyrirtækja eru einnig um tíu fyrirtæki og áðurgreindur stöðufundur markaði upphaf þátttöku þeirra að verkefninu. Þau munu gera tvær þekkingarskýrslur fyrir lok verkefnisins sem verður vorið 2006.

Um tuttugu UT fyrirtæki eru því beinir þátttakendur í verkefninu þar af fimm frá Íslandi en þau eru: Hugvít, Tölvumiðlun, ANZA, Ax hugbúnaðarhús og Tölvumyndir. Ljóst er að mikil reynsla og þekking munu safnast upp við rekstur verkefnisins sem verður vonandi mikilvægur liður í því að fyrirtæki leggi fram þekkingarskýrslur sínar á hverju ári samhliða reglubundnum reikningsskilum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef verkefnisins www.si.is/nhki.

Guðmundur Ásmundsson



Frá vinnufundi verkefnisins sem haldinn var í höfuðstöðvum Dansk Industri í Kaupmannahöfn

Samkomulag um endurmenntunargjald í málmíðnaði

Undirritað hefur verið samkomulag um endurmenntunargjald í málmíðnaði milli Samiðnar annars vegar og Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins hins vegar.

Þar er kveðið svo á um að frá 1. október 2004 verði gjaldið 1.050 krónur á mánuði fyrir hvern starfsmann sem vinnur við blikk- og málmíðnað og netagerð svo og iðnlærða verkstjóra. Gjaldið rennur til Fræðslumiðstöðvar

málmíðnaðarins (FM) sem varðveitir sjóð sem gert var samkomulag um árið 1995 með síðari breytingum. Gjaldið telst til lágmarkskjara starfsmanns, lögum samkvæmt, enda er það hluti af kjarasamningi milli aðila (gr. 10.5.2). Samkvæmt því ber öllum fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa fyrrgreinda menn í þjónustu sinni, að standa skil á þessu mánaðargjaldi til FM.

Á sama hátt skulu þau félög innan Samiðnar, sem hafa starfandi félagsmenn

í blikk- og málmíðnaði og netagerð, greiða kr. 250 á mánuði til FM vegna hvers félagsmanns.

Þessar fjárhæðir gilda óbreyttar allt samningstímabilið, eða til ársloka 2007 og er það nýlunda því að hingað til hafa þær tekið breytingum í samræmi við meðaltalshækkun launa samkvæmt kjarasamningum.

Ingólfur Sverrisson

Úrslit ritgerðarsamkeppni í stærðfræði

Tvær stúlkur urðu hlutskarpastar

Úrslit í ritgerðarsamkeppni Félags um eflingu verk- og tæknifræðimenntunar voru kunngerð fyrir skömmu. Fyrstu verðlaun hlaut Hildur María Hilmarsdóttir en í öðru sæti varð Sunna Örlygsdóttir.

Rúmlega 60 gestir voru viðstaddir athöfnina sem fór fram í nýuppgerðum húsakynnum Þjóðminjasafnsins. Meðal gesta voru þátttakendur í ritgerðarsamkeppninni, foreldrar, kennarar og skólastjórar.

Hildur María hlaut í verðlaun fullkomna DELL fartölvu og Sunna hlaut prentara, hvort tveggja í boði EJS. Heimskunnur stærðfræðingur, dr. Timothy Gowers, afhenti vinningshöfum viðurkenningarskjal.

Fjölbreytnin réð ríkjum

Matthías Johannessen, formaður dómnefndar, gerði grein fyrir störfum hennar. Auk Matthíasar voru í dómnefndinni: Bjarki Brynjarsson, Fjóra Rún Björnsdóttir, Kristín Kristinsdóttir og Arna Guðbjörg Matthíasdóttir.

Félag um eflingu verk- og tæknifræðimenntunar auglýsti í sumar ritgerðarsamkeppni um stærðfræði. Ungu fólki, sem fætt er 1988, 1989 og 1990, var boðið að skila inn ritgerðum um eftirtalin efni:



Dómnefndin og vinningshafar: F.v. Matthías Matthíasson, Matthías Johannessen, Sunna Örlygsdóttir, Hildur María Hilmarsdóttir, dr. Timothy Gowers og Bjarni Bessason

- Stærðfræði og tækni
- Stærðfræði og listir
- Stærðfræði allt um kring

Hámarkslengd ritgerðar skyldi vera 1.000 orð og var skilafrestur til 7. september sl.

Alls bárust 37 ritgerðir og voru þær afar fjölbreytilegar að efni og stíl. Höfundar voru hvaðanæva af landinu: Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði, Akranesi, Reykholti, Blönduósi og Hvolsvelli. Stúlkur voru í meirihluta.

Af hverju ritgerðarsamkeppni um stærðfræði?

Bessi Bjarnason, formaður Félags um eflingu verk- og tæknifræðimenntunar, gerði grein fyrir forsendum ritgerðarsamkeppninnar. Eins og heiti félagsins bendir til er markmið þess að efla verk- og tæknifræðimenntun með viðtækum hætti. Aukin menntun í þessum greinum felur í sér mikil tækifæri til hagsældar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið í heild. Efling verk- og tæknifræðimenntunar er forsenda fyrir vaxandi samkeppnishæfni íslenskra háskóla og fyrirtækja.

Stærðfræði er stoð- eða grunngrein raungreina, þ.m.t. verk- og tæknifræði. Stjórnarmenn sannfærðust því snemma um að það væri verðugt verkefni að efla skilning ungs fólks á iðkun stærðfræði, bæði hagnýtri og fræðilegri. Til þess að vekja athygli á stærðfræði hefur félagið verðlaunað góða stærðfræðikennara og einstaka skóla sem hafa sýnt góðan árangur á samræmdum prófum í stærðfræði. Félagið hefur auk þess haldið fundi um stærðfræðikennslu sem og kennslu annarra raungreina.

Bjarni lýsti yfir ánægju með áhuga unglunga og foreldra á þessu framtaki. Hann sagði að stjórn Félagsins hefði í hyggju að endurtaka ritgerðarsamkeppnina á næsta ári.

Ingi Bogi Bogason





Veljum
íslenskt
...og allir vinna

Pitt val skiptir máli!

Íslensk framleiðsla, þjónusta, hönnun og hugvit endurspeglar þá miklu fjölbreytni og grósku sem ríkir í íslensku athafnalífi. Á íslenskum markaði er öflug samkeppni, frjáls viðskipti og alþjóðavæðing.

Verð og gæði ráða mestu um val á vöru eða þjónustu. Valdið er í höndum neytenda. Þegar Íslensk framleiðsla stenst samanburð við innflutning í verði og gæðum skiptir máli að velja íslenskt. Þar fara hagsmunir neytenda og framleiðenda saman og í því felst ávinningur fyrir alla.



Samtök iðnaðarins



Bændasamtök
Íslands



ALÞYÐUSAMBAND
ÍSLANDS

ICELANDAIR 

Ísland er samstarfsaðili ferðafélagsins
Veljum íslenskt - og allir vinna.

Markmið landsítaksins Veljum íslenskt - og allir vinna er að vekja almenning og stjórnendur fyrirtækja og stofnana til vitundar um mikilvægi íslenskrar framleiðslu fyrir atvinnu- og verðmætasköpun í landinu. Að áttakinu standa Samtök iðnaðarins, Bændasamtök Íslands, Alþýðusamband Íslands og aðildarfélag.